

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 6	Dagsetning	9. apríl 2019	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi				
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 9. apríl 2019

1. Fundargerð 5. mars 2019

Fundargerð stjórnarfundar frá 5. mars 2019 samþykkt.

2. Aðalfundur 2019

Samþykkt að halda aðalfund miðvikudaginn 15. maí 2019. Samþykkt að JÁJ hafi samband við Grand Hótel og Skjákot og sendi fundarboð til félagsmanna.

3. Kjörstjórn FFR

Samkvæmt 7. gr. laga FFR starfar sérstök þriggja manna kjörnefnd innan félagsins. Kjörnefnd óskar eftir og tekur við framboðum til stjórnar FFR. Vegna breytinga á stjórn í vetur þarf að kjósa 4 stjórnarmenn og formann stjórnar. JÁJ mun hafa samband við kjörnefnd sem kjörin var á síðasta aðalfundi og boða til fundar.

4. Félagsmenn FFR

Samkvæmt 3. gr. laga FFR eru allir forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja sem fá laun samkvæmt grunnlaunaflokkun eða samkvæmt ákvörðun stjórnar ríkisstofnunar eða ríkisfyrirtækis, sbr. 39. gr. a laga nr. 70/1996, félagsmenn í félaginu nema þeir óski að standa utan þess. Framlag ríkissjóðs til FFR byggir á 39. gr. a laga nr. 70/1996. Það er því gjaldstofn fjármálaráðuneytisins sem ákvarðar hverjir séu félagsmenn FFR. MH vill taka upp við KMR

5. Fundir framkvæmdastjóra FFR vegna nýs grunnmats

JÁJ gerði stjórninni grein fyrir því að rúmlega 50 forstöðumenn hefðu haft samband við FFR vegna hins nýja grunnmats. JÁJ átti ýmist fundi með forstöðumönnum á skrifstofu FFR og/eða í fagraðuneytum, auk fjölmargra símtala og tölvupósta.

6. Sýslumenn og kjararáð

Ekkert hefur heyrst frá KMR vegna bréfs sem FFR sendi 28. mars 2019.

7. Matís

Ekkert hefur heyrst frá stjórn Matís vegna bréfs Lex.

8. Heimasíða FFR

JÁJ ræddi um heimasíðu FFR og hvort ástæða væri til að breyta uppsetningu. Samþykkt var að breyta ekki uppsetningu heimasíðunnar en lagfæra og uppfæra texta og útlit.